

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 352/2022

2023/EES/48/63

frá 9. desember 2022

## um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2193 frá 17. desember 2019 um reglur um útreikning, sannprófun og skýrslugjöf um gögn og um að ákvarða eyðublöð fyrir gögn að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 32fhf (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2325) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32fi. **32019 D 2193**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2193 frá 17. desember 2019 um reglur um útreikning, sannprófun og skýrslugjöf um gögn og um að ákvarða eyðublöð fyrir gögn að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 330, 20.12.2019, bls. 72).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2019/2193, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kristján Andri Stefánsson**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 330, 20.12.2019, bls. 72.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.